

Kristján Steingrímur

Kristján Steingrímur



Kjarvalsstaðir
17. okt. – 2. nóv. 1987



Myndraæn vandraeði

Kristján Steingrím Jónsson sá ég fyrst uppá hanabjálka í niðurníddu húsi við Miðstrætið í Reykjavík; ég kom þangað ásamt fleira fólki í gleðskap eftir ball í Tjarnarbúð snemma árs 1978 og við fundum hann sofandi inní rúmi. Hann var vist nýkominn frá Akureyri og hafði fengið að gista. Á þeim árum var ég hrokagikkislegur menntaskóladrengur sem sagði helst aldrei neitt í alvöru og leist alls ekkert á þennan svefndrúknna Akureyring sem reis nú úr rekkju og vildi fara að ræða menn og málefni við hina nýkomnu eins og ekkert væri sjálfsgæðara. Þó tók steininn úr þegar maðurinn fór að tala um pólitík og kom í ljós að hann var einhvers konar kommúnisti af sannfæringu; þá gaf ég hann alveg upp á bátinn og lét hann í hendurnar á Mími sem líka duflaði við kenningar Maós formanns þessi undarlegu ár. Húsráðandi, snotur stúlka að nafni Linda, hafði áður sýnt mér málverk sem hún átti eftir kunningja sinn frá Akureyri; myndin var sósíalrealísk að formi og inntaki og sýndi grindhórðan túrbanklæddan Indverja að sá gulli og gimsteinum í óhrjálegran akur. Nú áttaði ég mig á því að myndlistarmaðurinn myndi vera sá sami þrúði Akureyringur og sat þessa nótt uppi og talaði um auðvaldið. Pilturinn var greinilega óforbetrangelgur sveitamadur og áreiðanlega með húfu á höfðinu sem raunar hefur gengið illa að venja hann af. Ég sneri mér að því að sanna stúlkunum á staðnum hvað ég væri viðkvæmur og ofsafenginn í senn og lét þá Mími eina um alheimsbyltinguna.

Kristján fór að mála kringum tólf ára aldur – alveg að vanhugsuðu máli, segir hann núna – og um svipað leyti gerðist hann stækur kommúnisti og sótti sellufundi með hippum sem óðum voru að reskjast. Hvorttveggja kom eins og þruma úr heiðskíru lofti; faðir hans var að vísu kunnur garðyrkjumaður á Akureyri og stússaði mikið með skrautjurtir en að öðru leyti var engin hefð fyrir listum í ættinni og sömuleiðis fátt byltingarmanna. Kristján fór á kvöldnámskeið til að geta betur túlkað stéttabaráttuna og díalektíska efnishyggju á striga, til hagsbóta fyrir alþýðuna, en sér til undrunar komst hann að því að harðlínukommúnisminn fór smátt og smátt að rjástlast af honum en áhugi á myndlist í sjálfri sér að aukast, þó enn hefði hann ekki gleymt slagorðunum að fullu þessa vetrarnótt í mars 1978.

Þá var Kristján kominn suður til að stúdera við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og við áttum eftir að hittast margoft í samkvæmunum sem í þá daga voru iðulega haldin eftir böll á hanabjálkanum við Miðstrætið. Mér fór að skiljast að hann var í raun og veru besti drengur og það spillti ekki fyrir að hann átti sama afmælisdag og við Samuel Beckett. Hann var heldur alls ekki vonlaus málari. Eina nóttina dundaði hann lengi vel og alveg fumlaus við að rissa risastóra blýantsteikningu á einn vegginn í þessari ofurlitlu íbúð; svo birtist hann í næsta partíi með pensla og málningu og málaði í alls konar litum þá mynd sem hann hafði þannig dregið upp. Þarna voru alls konar tákni, hauskúpur og vesin, í iðandi bendu og næstum synd að yfir myndina skyldi hafa verið málað þegar húsráðandi flutti út.

Veturinn næsta var svo komið að við fórum að hittast í fjölskyldubodum og í sunnudagsmat hjá Nonnýju. Þá var Kristján kominn í Nýlistadeildina alræmdu, illræmdu og farinn að sýsla við alls konar hluti sem ég gat, af sívaxandi íhaldssemi, ekki með nokkru móti flokkað undir myndlist. Hann hafði raunar byrjað í graffíkdeildinni eftir að forskólanum lauk en stóð þar stutt við, nánar tiltekið réttan hálfstíma! Þá lenti hann upp á kant við kennarann og trítlaði sér yfir í Nýlistadeild. Þaðan útskrifaðist hann árið 1981.

EKKI veit ég hvað þeir eru að fást við í Nýlistadeildinni núna en þá þótti það næstum fásinna að taka sér pensil í hönd og mála á striga. Í staðinn voru ungu myndlistarnemarnir að fást við flesta aðra tjáningarmiðla: ljósmyndir, uppákomur og gjörninga, náttúruæfni, tónlist, bókagerð, texta og ég veit ekki hvað og hvað. Ég get viðurkennt það núna að mér fannst þau stundum harla fánýt, verkin sem Kristján var einlægt að sýna mér á þessum árum, og ég gat ekki séð að hann hefði annað upp úr því að spila með „sinfóníuhljómsveit“ Hermanns Nitsch í Evrópu en ókeypis ferð til útlanda. Um þetta leyti varð líka mikill hvellur þegar nokkrir félagar Kristjáns úr Nýlistadeildinni slátruðu fæcinum hænum með bréfskurðarhnífi á opinberum tónleikum og altént virtist hin eðla list Leonardos og Kjarvals komin út í nokkrar ógöngur.

Kristján hlær bara þegar hann er spurður um þessa tíma núorðið. „Þetta var partur af skólagöngunni, að prófa sem flest. Ég held við höfum bara haft gott af því. Og ég hætti heldur aldrei að mála þó ég væri á kafi í Nýlistadeildinni.“

Málverkunum sínum hélt hann hins vegar ekki mjög á lofti um hríð enda var ekki laust við að sumum bekkjarfélögum hans þætti hann hreint og beint gamaldags og hallærislegur að vera að vesinast þetta með málningu og striga þegar mestu skipti að halda konseptárunni hreinni. Eitt verk keyptum við húsráðandinn úr Miðstrætinu á sýningu sem Kristján hélt í Nýlistasafninu. Það voru tvær samstæðar ljósmyndir og sýndi önnur listamanninn sjálfan vafinn sárabindum svo hann líktist helst múmíu; hann rétti út annan handlegginn sem teygði sig yfir í hina myndina. Þessar myndir var einhverra hluta vegna huggulegt að hafa uppi á vegg yfir bókaskáp og þegar glerið yfir annarri myndinni brotnaði í flutningum fannst listamanninum verkið fullkomnað og vildi meina að Duchamp hefði verið sammála. Mig minnir þetta hafi verið eina verkið sem seldist á

sýningunni en mér er lífsins ómögulegt að muna hvort við borguðum það nokkurn tíma.

Eftir útskriftina úr MHI stundaði Kristján launavinnu hér uppá Íslandi í tvö ár meðan Ásta stúlkan hans kláraði stúdentspróf og þau biðu þess að geta farið út. Á þessum tveimur árum sprakk „nýja málverkið“ út hér og aftur varð eftirspurn eftir striga og penslum. Ungu mennirnir fóru að mála á nýjan leik, svoltið fálmkennit í fyrstu en af ósviknum þrótti og sköpunargleði. Þá var haldin óviðjafnanleg listahátíð í hráslagalegum salarkynnum Jötunhússins við JL og hét Gullströndin andar. Sá glæðbeitti prakkaraskapur og taumlaus kraftur sem þar ríkti verður seint endurtekinn og Kristján Steingrímur var einna fremstur í flokki þeirra sem önnudust þá fábrotnu skipulagningu sem þurfti til að hemja allt orkuflæðið og beina því í þann undurskemmtilega farveg sem Gullströndin var. Maðurinn er nefnilega félagsmálatróll og finnst fátt skemmtilegra – fyrir utan að mála myndir – en að sitja á fundum. Kannski þar sé komin útrás fyrir þá skipulagsþörf sem áður braust út í pólitískum áhuga og lestri á verkum Leníns á sellufundum!


En svo hvarf Kristján úr sviðsljósinu og hefur lítið borið á honum í fjögur ár, fyrr en nú. Hann hefur verið við nám við Hochschule für Bildende Künste í Hamborg og lært þar undir handarjaðri virts málara í Þýskalandi, Berndts Koberlings.

„Þegar ég kom út fyrst lenti ég í vissum erfiðleikum“ segir hann. „Hér heima hafði nýja málverkið verið á fullu, eins konar nýexpressjónismi, en úti í Þýskalandi voru menn búnir að vera að mála í tíu ár og að miklu leyti búnir að afgreiða þá möguleika sem fölust í nýexpressjónismanum. Það þýddi þess vegna lítið fyrir mig að halda áfram í sama dúr og hér heima; það hefði bara haft hægan dauðdaga í för með sér. Ég varð að finna mér mína eigin persónulegu leið.“

Og það gerði Kristján. Frá „nýju málverkunum“ sem voru full af alls konar yfirspennnum figúrum og godsögulegum minnum þróaðist hann út í svarthvítar myndir af trjám og svo bárust þær fregnir hingað til Íslands að hann væri farinn að mála landslag. Það fannst mér bráðsníðugt; þá var hann kominn langan veg frá hringlaga bókum og hljóðfæraleik með Hermannni Nitsch. Svo kom hann heim í sumarleyfi og ættdi strax norður í Kverkfjöll til að mála íshella, klakahröngl og jökla. Þetta voru miklar og svoltið dulúðugar myndir sem mér fannst sumar nálgast það að vera eins og klettamálverk frummannna og þá er nú ekki leiðum að líkjast. Þegar ég spurði Kristján hvort þessi landslagsverk ættu sér ekki ósköp svipaðar forsendur og sams konar málverk fyrri meistara í faginu fór hann fyrst undan í flæmingi og muldraði eitthvað um að sín verk ættu sér mun expressjónískari upplifun, en gafst svo upp og sagði glottandi: „Jújú, þegar grannt er skoðað.“

Það hefur alltaf verið einkenni á listamannsferli Kristjáns Steingríms, sem að vísu er ekki orðinn ýkja langur, að hann á það til að snúa alveg við blaðinu og skipta um stíl eins og sokkplögg. Vissulega má sjá ákvedna þróun í verkum hans en hann er ósmeykur við að taka hlíðarspor og beina list sinni í nýjan farveg ef honum list betur á sig þar. Hann talar stundum um fárra mánaða verk sem gömul – og í gömlum stíl. Landslagið er horfið aftur – í bili að minnsta kosti, því hann segist áreiðanlega eiga eftir að taka upp þann þráð seinna. Fyrir tveimur árum fóru allt í einu að koma úr pensli hans figúratífar myndir, byggðar á myndmáli sem hlýtur að kallast þjóðlegt þótt sjálfsagt hefði það komið Ásgrími og Jóni Stefánssyni spánskt fyrir sjónir. Minni úr sjávarútvegi eru algeng: önglar, fiskar, bátar og bein svamla innan um alls konar geómetrisk form og línur, sem sumar ku vera úr línuritum yfir efnahagsástand einhverra Suður-Ameríkuríkja! Hann er líka farinn að þrykkja inn á myndir sínar með dúkrístum minni myndum sem sumar eru svo þjóðlegar að sýna menn ýta bát úr nausti; aðrar eru godsögulegar og enn aðrar eftirprentanir af dönskum kórónum eða skreytingum af íslenskum rúmjöllum. Hér og hvar – einkum í „eldri“ myndum af þessu tagi – má sjá vélabúnað ýmiss konar og innyfli úr tækjum. „Það er kannski stutt í realismann hjá mér“ sagði Kristján hugsandi þegar hann sýndi mér nokkrar myndir af þessu tagi. „En ég er ekki að segja neinara sögur í myndunum mínum; þetta eru fremur endurminningabrot í bland við nýjan tíma. Nútímataekni blönduð forneskju – eða öfugt. Það er ennþá expressjónismi í þessum myndum mínum en líka geómetría og konstrúktívismi og alls konar konkret hlutir, enda lít ég svo á að ég sé vísindamaður sem er að skapa myndræn vandræði fyrir áhorfandann að glíma við. Einhver þóttist sjá í myndunum mínum vott af súrrealisma en það finnst mér dularfullt. Súrrealismi á uppruna sinn í draumi eða einhvers konar draumkenndu ástandi en hjá mér er þetta afskaplega vísindalega unnið þótt auðvitað komi ég sjálfum mér oft á óvart. Það kann að vera að eitthvað minni á súrrealisma í myndum mínum – það er þá formræn samlíking. Annars er náttúrlega erfitt fyrir mann sem er nýskriðinn úr skóla að vera að tjá sig í löngu máli um það sem er að gerast í myndunum. Ég geri mér grein fyrir því að ég er enn undir áhrifum úr ýmsum áttum. Ég tel mig hafa náð föttestu og þroska til að byggja á en á vonandi eftir að þróast mikið enn og finna mér minn eigin stað. Að vísu er ekkert nýtt undir sólinni en það er þó mismunandi skýjafar og alltaf má skoða það gamla í nýju ljósi.“

Nú er svo komið eftir níu löng ár að gamall menntskælingur getur öðru hvoru komið út úr sér heilli setningu í alvöru og þó við séum að mestu hættir að borða sunnudagsmat saman heima hjá Nonnýju leyfi ég mér að óska Kristjáni Steingrími til hamingju með heimkomuna – og þessa sýningu. Það verður ugglaut gaman að fylgjast með skýjafarinu hjá honum í framtíðinni...



Harðindi, 1985
olía á striga, 150x70 cm

Missjahr

Bad year




Vökudraumur, 1985
olífa á striga, 111x124 cm

Tagtraum

Daydream



Àstabrall, 1986
olia ó striga, 145x250 cm
Liebesspiel
Love game




Ferð til fjár, 1987
olía á striga, 150x120 cm
Reise zum Reichtum
In search of plenty



Božberić, 1987
olja á striga, 150x150 cm

Bote


Messenger



Dáðir dagar, 1986
oía á striga, 150x120 cm

Tatliche Toge

Good days



Dagtáli, 1987

olja á striga, 120x85 cm

Am falschen Tag

Wrong days



Sökn, 1987

olja á stíga, 200x140 cm

Vorwärts

Sally



Hættuleg nálægð, 1987

óla á striga, 148x143 cm

Gefährliche Nähe

Dangerous Proximity




Atylla, 1987

oia á striga, 120x90 cm

Vorwand

Pretext



Tengsl, 1987

olia à striga, 143x148 cm

Zusammenhang

Connection



Eftirpanki, 1987
oila á striga, 145x80 cm

Nachhall

Second thoughts



Dagsverk, 1987
olja á stíga, 150x150 cm

Tageswerk

One Day's Work

Kristján Steingrímur

- 1957 Fæddur í Akureyri
1977-81 Myndlista- og handíðaskóli Íslands
1983-87 Ríkislistaháskólinn í Hamborg
(Hochschule für bildende Künste),
hjá prófessor Bernd Koberling
1987 Aðsetur í Reykjavík

Einkasýningar

- 1981 Nýlistasafnið, Reykjavík
1983 Rauða Húsið Gallerí, Akureyri
1986 Arnarflug-Iceland Waters, Hamborg
1986 Schabbelhaus, Lübeck

Samsýningar

- 1982 „7 ungir“, Norræna húsið, Reykjavík
1983 Stúdentakjallarinn, Reykjavík
1983 „Gullströndin andar“, Jötunshúsið, Reykjavík
1983 Íþróttahöllin, Akureyri
1983 Gallerí Gangur, Reykjavík
1983 „Artist Books from Iceland“, Galerie A, Amsterdam
1984 Sýningarsalur Myndlistaskóla Akureyrar
1984 Kjarvalsstaðir, Reykjavík
1985 Íþróttaskemman, Akureyri
1987 „IBM“, Kjarvalsstaðir, Reykjavík



Kristján Steingrímur

Texti: Illugi Jökulsson
Ljósmyndun: Atli Arason, Haraldur Ingi,
Ljósmyndastofa Kristjáns Magnússonar
Aðstoð við útlit: Teikn
Prentun: Oddi, Svansprent
© Kristján Steingrímur